

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

26. FUNDUR HALDINN FÖSTUDAGINN 23.8 2013

Mæting.

Ómar Baldursson, Birna D Granz, Grétar Guðmundsson, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Jón Ólafur Halldórsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Davíð E Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sivertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Forföll.

Sighvatur D Sighvatz, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Haraldur Arnbjörnsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
 2. Kjaramál.
 3. Fjármál.
 4. Orlofsmál.
 5. Launakönnun.
 6. Mál RSÍ gegn SA/Já upplýsingaveita.
 7. Félag kvikmyndagerðamanna.
 8. Stafir lífeyrissjóður.
 9. Önnur mál.
-
1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án ath.semnda.

2. Kjaramál.

Staðan í kjaramálum rædd, og hver væru næstu skref. Lítið hefur gerst í sumar, eins og væntingar stóðu til. Það má segja að stjórnvöld hafi stöðvað allar viðræður með því eina að segja að íslenska krónan skuli verða framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar. Eins hefur Seðlabankinn haldið stýrivöxtum óbreyttum, sem er ávísun á óbreytt ástand svo þetta er allt gamalkunn staða, og sami söngur ár eftir ár „ekkert svigrúm til launahækkana“

Gögn frá Hagstofunni sýna óumdeilt, að launaþróun rafiðnaðarmanna hefur verið minni en hjá samanburðarhópum og höfum við því setið eftir hvað launaþróun varðar. Þetta var meðvituð

ákvörðun á sínum tíma að styðja við þá launalægstu með leiðréttingum á lágmarkstöxtum. Það er því augljóst að við þurfum verulega launahækkun í næstu samningum. Samþykkt að fara í fundarferð og heyra í félagsmönnum og hver sé þeirra vilji. Eins var ákveðið að halda fund með helstu trúnaðarmönnum um miðjan september, og spá í spilín Fyrsti fundur með félagsmönnum verður í Reykjavík 2 september.

3. Fjármál.

a) Tekjuuppgjör jan-júli 2013.

Tekjuaukning RSÍ samsteypunnar fyrstu 7 mánuði þessa árs er 8% hærrí en fyrir árið 2012. Ekki hafa grunnlaun hækkað svona mikið svo talið er líklegt að um aukna yfirvinnu sé að ræða hjá félagsmönnum.

Tekjurnar þessa fyrstu 7 mánuði voru alls kr. 140.720.250.- en á sama tíma árið 2012 kr. 130.298.755.-

b) Styrktarsjóður.

Útgjöld Styrktarsjóðs fyrir sama tímabil, hafa aftur á móti aukist um 15,7% milli ára. Útgjöld sjóðsins fyrstu 7 mánuði þessa árs eru kr. 87.612.866.- en á sama tíma árið 2012 voru útgjöldin kr. 75.722.674.-

Sjúkradagpeningar eru stærsti úgjaldaliðurinn eða alls kr. 54.088.651.- næst kemur líkamsræktarstyrkurinn með alls kr. 13.265.384.-

c) Eignastýring.

Til kynningar var þjónusta verðbréfafyrirtækisins Virðingar og hvað fyrirtækið hefur uppá að bjóða varðandi fjárfestingarleiðir og fleira. RSÍ er ekki í viðskiptum við félagið, en áfram verður haldið að skoða hagkvæmar fjárfestingarleiðir. Hvort það verður hjá þessu fyrirtæki eða einhverju öðru.

4. Orlofsmál.

a) Tjaldsvæði Skógarnesi.

Kynntar voru tölfræðiupplýsingar tjaldsvæðisins á Skógarnesi fyrir tímabilið 21 júní til 8 ágúst sl.

Fjöldi gesta var 3.499 og voru félagsmenn rétt rúmlega helmingur þeirra eða 51%

b) Frisbý golfvöllur.

Samþykkt að koma upp slíkum velli. Kostnaður er áætlaður um kr. 500.000,00.-

c) Rafmagn og vatn.

Verið er að vinna að úrlausn þeirra mála. Vonandi verður ekki langt að biða að bæði vatns- og rafmagnsmál verði komin í fullkomið lag.

d) Salernisaðstaða.

Kostnaður við að koma upp slíku húsi er áætlaður 20 milljónir kr. Ekki verður tekin ákvörðun um byggingu salernishúss fyrr en vatnsmálin verða komin í lag.

e) Vaglaskógur.

Aukakostnaður við byggingu hússins nam kr. 5.639.019.- en heildartilboðið var kr. 43.643.365.- Kostar því húsið í heild kr. 49.282.384.-.

Eftir er að ganga frá aðkeyrslu og lóð.

5. Launakönnun.

Samþykkt var að taka tilboði Capacent Gallup i gerð launakönnunnar. Tilboðið hljóðaði uppá kr. u.þ.b. 900.000.- + vsk

Markmið með könnunninni er að skoða kjör félagsmanna RSÍ og þróun þess frá fyrri mælingum. Það var samdóma álit miðstjórnarmanna að slík könnun gagnist félagsmönnum vel, til að reyna að bæta sín kjör.

6. Mál RSÍ gegn SA/Já upplýsingaveitu.

Kynnt var niðurstaða Félagsdóms í málinu. Í dómsorði fellst viðurkenning á, að JÁ hafi í kjölfar uppsagnar Kristínar brotið gegn ákvæði 7 gr. Kjarasamnings milli RSÍ vegna FÍS og SA vegna Skipta Símans og Milu.

7. Félag kvikmyndagerðamanna.

Félagsmenn hafa lengi skoðað, að sameinast öðru félagi. Fundað hefur verið með fulltrúum þeirra en engin niðurstaða enn sem komið er. Ekki hefur heldur borist formleg aðilarumsókn um inngöngu í RSÍ.

Þar sem ekki er um formlegt stéttarfélag „Félags Kvikmyndagerðamanna“ að ræða, þá geta þeir ekki sótt um félagsaðild að RSÍ, engu að síður geta þeir sótt um að gerast félagsmenn í RSÍ. Framkvæmdastjórn falið að halda áfram með málið.

8. Stafir Lífeyrissjóður.

Ekki tókst að uppfylla kynjakvótann á ársfundinum í vor svo ákveðið var að leita lausna í sumarið hvernig standa ætti að því að uppfylla lögin. Komið hefur fram tillaga að fjölga í stjórninni um 2 fram á vor 2014. Ef þetta er lausnin, er nauðsynlegt að boða aukafund til að staðfesta þetta. Samþykkt að taka jákvætt í þessa lausn.

9 Önnur mál.

Ekkert fært til bókar undir þessum lið.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari